

Heilsan eftir hrunið



Stærðarinnar grein er í nýjasta tölublaði sænska læknablaðsins eftir Mattias Strand og Örnú Hauksdóttur sem hefur rannsakað afleiðingar bankahrunsins á heilsu Íslendinga og er í doktorsnámi í lýðheilsuvísindum. Niðurstöður greinarinnar eru meðal annars þær að hjartasjúkdómar og meira stress kom í ljós hjá konum í kjölfar hrunsins, einkum hjá atvinnulausum konum, konum á skólabeck og einstæðum mæðrum. Almennt virðist heilsa fólks verða verri í góðæri en betri á mögnum árum. Ástæðurnar eru ekki ljósar en tengjast lífsstíl, hins vegar virðist geðheilsu hraka í kreppu. Í greininni er rakið að Íslendingar hafi slegið af reykingum og áfengisdrykkju um 12,4 % á móti 9,8%, sælgætisát drógst saman um 17,3%, skyndibitaát um 17,5% og gosdrykkja um 9,0%. Við borðuðum talsvert minna af ávöxtum og grænmeti eftir hrunið en fisk-

neysla jókst og við sofum mun meira en áður. Þetta eru forvitnilegar niðurstöður og ekki bara fyrir Íslendinga, því fjárhagur allra jarðarbarna hefur sveiflast mikið á undanförunum árum. Vísindamenn um allan heim eru í óða önn að raða saman upplýsingum um áhrif hruns og kreppu í þjóðarhag á heilsufar fólks.

Hér er slóðin inn á þessa forvitnilegu grein: lakartidningen.se/Klinik-och-vetenskap/Rapport/2014/03/Ekonomiska-cykler-och-folkhalsa-Island-i-bankkrisens-spar/

Frá Orlofssjóði

Nýr umsjónarmaður í íbúðinni í Ljósheimum 22 er Aðalgeir Björnsson, sími 825 7486.